

Ed. 522. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um takmörkun á rétti atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta.

Flm.: Soffía Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp, er m. a. kveði á um réttindi og skyldur fastráðins starfsfólks og heimildir atvinnurekenda til að segja því upp. Skal að því stefnt að takmarka rétt atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta, t. d. vegna skoðanaágreinings, og verði uppsögn því aðeins lögleg, að hún sé nægilega rökstudd, svo sem að sýnt sé fram á vanrækslu í starfi eða verið sé að fækka starfsfólki.

G r e i n a r g e r ð .

Nýlega stóðu yfir verkfallsátök á Selfossi milli Kaupfélags Árnesinga annars vegar og hóps starfsmanna á einu af verkstæðum þess hins vegar.

Deila þessi átti rætur sínar að rekja til óréttmætrar og tilefnislausrar uppsagnar starfsmanns, sem um áratugaskeið hefur unnið hjá Kaupfélagi Árnesinga. Var þá gripið til verkfallsaðgerða til þess að standa vörð um þau mannréttindi verkafólks að búa við atvinnuöryggi og þurfa ekki að sæta uppsögnum að geðþótta atvinnurekenda.

Verkfallsmenn á Selfossi beindu þeirri áskorun til Alþingis að hraða setningu laga um, vinnuvernd, er tryggi verkafólki atvinnuöryggi.

Deilan á Selfossi er nú til lykta leidd, þar eð sá starfsmaður, er vikið var úr starfi, hefur verið endurráðinn, en þessi verkfallsátök gefa tilefni til þess, að ráðstafanir séu gerðar, sem komið geti í veg fyrir átök af þessu tagi.

Sú skoðun hefur lengi verið uppi, að brýn þörf sé lagasetningar um vinnuvernd, og í tíð vinstri stjórnarinnar var skipuð nefnd til að vinna að gerð frumvarps til laga um vinnuvernd, en það frumvarp hefur enn ekki séð dagsins ljós.

Sem stendur er það raunar á valdi atvinnurekenda að haga ráðningum og uppsögnum starfsmanna að eigin geðþótta, þó að víðtæk samstaða og stéttvísi verkafólks geti hnekkst þessu valdi, svo sem nýlegt dæmi sannar. Sú vernd, sem fyrirfinnst í íslenskum lögum, er í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80 1938, og tekur til trúnaðarmanna á vinnustað. Réttur þeirra samkvæmt lögum er þó ekki meiri en svo, að atvinnurekandi verður ekki dæmdur til að taka aftur til starfa trúnaðarmann, sem hann hefur vikið úr starfi ólöglega.

Á Norðurlöndum hafa yfirleitt verið sett lög um almenna vinnuvernd, og má þar til nefna norsku vinnuverndarlögin, sem gera ráð fyrir, að atvinnurekandi verði ekki aðeins dæmdur til skaðabóta vegna ólöglegrar uppsagnar, heldur er einnig gert ráð fyrir, að starfsmann megi dæma inn í starf sitt á ný (sbr. 43. grein norskra vinnuverndarlaga). Svipaða reglu er að finna í sænskum rétti.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að það sé löngu tímabært, að hér á landi verði sett löggjöf um vinnuvernd, sem tryggi atvinnuöryggi starfsmanna.